

Skipulagsskrá fyrir Dánarsjóð Björns M. Ólsens.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Dánarsjóður Björns M. Ólsens“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með eftirlátum eignum prófessors Björns M. Ólsens, er hann ánafnaði háskólanum með erfðaskrá dagsettri 9. januar 1918.

3. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal veita 1.200 krónur árlega til styrktar efnilegum cand. mag. í íslenskum fræðum, sem stundar nám við háskólann til undirbúnings meistaraþrófi. Styrkurinn er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að veita hann sama manni aftur, þó eigi oftari en þremur sinnum. Umsóknir skulu sendar háskólaráði fyrir 1. maí, og er styrkurinn þá veittur fyrir næsta háskólaár og greiddur með 150 krónum á mánuði frá 1. október til 31. maí.

Pegar vextir sjóðsins nema svo miklu, að ástæða þykir til þess að verja meiru af þeim til eflingar íslenskra fræða, samkvæmt fyrirmælum gefanda, tekur háskólaráð ákvörðun um það, að fengnum tillögum heimspekisdeildar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerðast.

5. gr.

Háskólaráð hefir á hendi stjórn sjóðsins og sér um, að hann sé ávaxtaður á tryggilegan og hagkvæman hátt. Háskólaráð uthlutar styrk úr sjóðnum eftir tillögum heimspekisdeildar og eins og skipulagsskrá þessi mælir fyrir.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Af vöxtunum fyrir síðastliðið ár (1933) má veita allt að 1.200 krónum til þess að styrkja útgáfu eftirlátinna rita Björns M. Ólsens, þó eigi meira en 100 krónur á örk (í Safni til sögu Íslands). Ef afgangur verður, skal hann lagður við höfuðstólinn.

2. Af vöxtunum fyrir árið 1934 má veita efnilegum mag. art. í íslenskum fræðum 1.200 króna styrk til vísindaiðkana.